

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. mars 2016 breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. febrúar 2016.

Í breytingunni felst að frístundasvæðið F-25 er stækkað úr 19,7 ha í 38. Hámarksfjöldi bygginga á svæðinu er 80 og heildarbyggingarmagn 8.000 m². Leyfilegt er að reka tjaldsvæði á reitnum ásamt þjónustubyggingum sem því fylgja.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 9. mars 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. mars 2016